



Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ábendingar íbúaráðs Breiðholts vegna Römpum upp Ísland

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 12. október 2022 fór fram umræða um Römpum upp Ísland og ábendingar í Breiðholti, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins. Jafnframt lagði ráðið fram hjálagðar ábendingar sínar en þær sneru að aðgengi að skólahúsnæði og að útisvæði á skiptistöð Strætó í Mjódd. Í ljósi þessa er ábendingum hér með komið á framfæri við aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks í Reykjavík og til forsvarsmanna Römpum upp Ísland.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Samrit: Römpum upp Ísland

Hjálagt: Ábendingar íbúaráðs Breiðholts

Ábendingar íbúaráðs Breiðholts vegna Römpum upp Ísland, lagðar fram á fundi ráðsins þann 12. október 2022.

Ábending tengt skólahúsnæði:

- Breiðholtsskóla vantar ramp á milli hæða til að nemendur yngri bekkja komist í matsal á hjólastól og frá matsal inn á skrifstofu skólans. Í dag þurfa þeir að fara út og í kringum íþróttahúsið til að komast leiðar sinnar. Erfitt er að fara upp rampinn með mótör vegna halla.

Ábending tengt strætó Mjódd

- Aðgengi hjá Strætó í Mjódd. Hægt er að komast frá aðalbyggingu í strætó (í hjólastól) en ekki úr eða í vagna á miðju eyjunni þar sem ekki er neitt nema brattur kanturinn (ekki neinstaðar til að komast af eyjunni). Það eru ekki allir með kraftinn eða getuna til að komast upp tröppur eða kanta í hóllastól.
- Mjög mikilvægt að taka niður kantinn við húsið sjálft, eyjuna þar sem strætó stoppar beggja megin við og líka eyjurnar tvær sem tengjast göngustíg og gangbraut upp í Álfabakka
- Í vögnunum sem fara í Breiðholtið er stór hleri sem þarf að lyfta til að komast upp í vagninn (vagninn pumpast ekki niður eins og þekkist erlendis) Vagnstórar þurfa ekki að seta rampinn niður þar sem það er álag fyrir bakið.

